

Umhverfisstofnun,
Hildur Vésteinsdóttir
Linda Guðmundsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. mars 2016
2016030008/42-11
KJ, TB
jgo/tb

Verndargildi Kerlingarfjalla

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 3. mars sl., þar sem óskað er eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi Kerlingarfjalla vegna undirbúnings á friðlýsingu þeirra.

Eins og kemur fram í bréfi Umhverfisstofnunar eru Kerlingarfjöll á náttúruminjaskrá nr. 732 en þar svæðið afmarkað og síðan segir: *Stórbrotið og lítríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.* Þó ekki séu raktar frekari forsendur fyrir því að setja Kerlingarfjöll á náttúruminjaskrá má vera augljóst að verndargildið byggir á jarðfræðilegri sérstöðu/fágæti, líparít fjöll og jarðhiti, sem skapa sérstakt og „fagurt“ landslag fjallana að mati flestra og hefur það þótt nægja, ásamt útivistargildi, til að setja Kerlingarfjöll á náttúruminjaskrá og þar með lýsa yfir að náttúruverndargildi fjallanna væri nægjanlega hátt til að ástæða væri til að friðlýsa svæðið.

Í tengslum við 2. áfanga rammaáætlunar var Náttúrufræðistofnun falið að rannsaka háhitasvæði landsins og meta verndargildi þeirra. Niðurstöður þeirra rannsókna er að finna í skýrslunum NI-09012, NI-09013, NI-09014, NI-09015 en í þessum skýrslum, sem sækja má á heimasíðu stofnunarinnar, er að finna mat á verndargildi „allra“ háhitasvæða landsins og þeim aðferðum sem er beitt til að meta verndargildi út frá annars vegar jarðminjum og hins vegar lífríki en auk þess er í skýrslunni NI-09014, *Mat á verndargildi 18 háhitasvæða*, tekið saman á einum stað það helsta og háhitasvæðunum raðað. Á það verður að benda að í þessari rannsókn er verið að bera saman háhitasvæði innbyrðis en í raun hafa þau öll mjög hátt verndargildi því það eru aðeins til 18 háhitasvæði landinu (sumum svæðum getur síðan verið skipt upp í undirsvæði) og auk þess hefur mörgum þeirra nú þegar verið raskað sem gerir fágætið enn meira. Þó Kerlingarfjöll hljóti ekki hæstu einkunn þá er munur á mörgum svæðum raunar mjög lítill og oft einstakt fágæti ásamt aðsteðjandi ógnum sem geta ráðið því að gerð er tillaga um hámarks vernd einstakra svæða umfram önnur, sjá bls. 41 í NI-09014. Í kafla 5.8 í NI-09012 á bls. 30 og 31 er Kerlingarfjöllum lýst.

Í 2. áfanga rammaáætlunar er Kerlingarfjallasvæðið (öll svæði) sett í verndarflokk sbr. þingsályktun Alþingis <http://www.althingi.is/alttext/pdf/141/s/0892.pdf>. Með þingsályktuninni



samþykkir Alþingi að svæðið hafi það hátt verndargildi að það skuli setja í verndarflokk og þar með vinna að friðlýsingu þess og byggir Alþingi sína afstöðu á þeim upplýsingum sem voru til um svæðið og niðurstöðum verkefnisstjórnar og faghópa 2. áfanga rammaáætlunar þar sem virkjunarsvæði eru borin saman og þeim raðað í nýtingarflokk, biðflokk eða verndarflokk.

Helstu ástæður fyrir verndargildi Kerlingarfjalla eru:

1. Landslag og víðerni: Stórbrotið og litríkt landslag og að mestu ósnortið víðerni.
2. Berggrunnur: Megineldstöð með mörgum líparítmyndunum. Nokkrar þeirra eru líparítstapar (rhyolitic tuya), sem eru afar fágætir á heimsvísu. Líparítstapar eru þó fleiri á Torfajökulssvæðinu. Mjög hátt vísinda- og fræðslugildi (sjá t.d. heimildalista hér að neðan).
3. Jarðhiti: Háhitasvæði sem skiptist í þrjú meginsvæði; Hverabotn, Hveradali og Efri Hveradali. Í Hverabotni er öflugur hver í lækjargili. Þar hefur mælst 145-150°C hiti sem er hæsta skráða hitamæling í hver á Íslandi (Árni Hjartarson og Magnús Ólafsson 2005). Mikil samfelld ummyndun í berg- og jarðgrunni einkennir hverasvæðin.

Heimildir:

Árni Hjartarson og Magnús Ólafsson 2005. Kerlingarfjöll, könnun og kortlagning háhitasvæðis. ÍSOR 2005/012. 60 bls.

Flude, Stephanie, David W Mcgarvie, Ray Burgess, and Andrew G Tindle 2010. Rhyolites at Kerlingarfjöll, Iceland: the Evolution and Lifespan of Silicic Central Volcanoes. *Bulletin of Volcanology* 72 (5): 523–38.

Jónasson, Kristján 2007. Silicic volcanism in Iceland: Composition and distribution within the active volcanic zones. *Journal of Geodynamics* 43, 101-117.

Mcgarvie, Dave 2009. Rhyolitic Volcano–Ice Interactions in Iceland. *Journal of Volcanology and Geothermal Research* 185 (4): 367–89.

Stevenson, John A, Jennie S Gilbert, David W Mcgarvie, and John L Smellie 2011. Explosive Rhyolite Tuya Formation: Classic Examples From Kerlingarfjöll, Iceland. *Quaternary Science Reviews* 30 (1-2): 192–209.

Stevenson, John A, John L Smellie, David W Mcgarvie, Jennie S Gilbert, and Barry I Cameron 2009. Subglacial Intermediate Volcanism at Kerlingarfjöll, Iceland: Magma-Water Interactions Beneath Thick Ice. *Journal of Volcanology and Geothermal Research* 185 (4): 337–51.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

